

## **Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 28. ágúst 2023 í máli nr. 39/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 17. apríl 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 106.920 krónur ásamt dráttarvöxtum. Þá krefst sóknaraðili bóta vegna aukins kostnaðar við að fá annan aðila til verksins.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kæruneftndinni**

Með tölvubréfi 17. apríl 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Bóðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi, dags. 31. maí 2023, sem afhent var varnaraðila 2. júní 2023. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, tilboð, dags. 30. mars 2022, greiðslukvittun, dags. 31. mars 2023 og afrit af skriflegum samskiptum milli aðila máls.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Í gögnum máls kemur fram að sóknaraðili óskaði eftir tilboði varnaraðila í smíði á hurð og botnlista í hurð auk þess að skipta um hurð og botnstykki. Varnaraðili gerði tilboð í verkið þann 30. mars 2023 að fjárhæð 297.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Miðaðist tilboðið við að 40% staðfestingargjald skyldi greitt við samþykki þess. Þann 31. mars 2023 samþykkti sóknaraðili tilboð varnaraðila og greiddi honum umrætt staðfestingargjald að fjárhæð 106.920 krónur. Varnaraðili tjáði sóknaraðila að verkið tæki um það bil sex vikur. Kveðst sóknaraðili ítrekað hafa reynt að ná í varnaraðila vegna verksins og framvindu þess, bæði símleiðis og með tölvupósti en án árangurs. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi enn ekki innt af hendi þjónustu sína þrátt fyrir að nokkrir mánuðir séu liðnir frá því aðilar sömdu sín á milli. Þá hafi varnaraðili ekki orðið við kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu. Krefst sóknaraðili þess í málinu að varnaraðili endurgreiði honum innborgun sína að fjárhæð 106.920 krónur ásamt dráttarvöxtum. Þá gerir sóknaraðili kröfu um bætur vegna aukins kostnaðar við að fá annan aðila til verksins.

### **IV**

#### **Niðurstaða**

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru-

og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni, þ.e. hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir því niðurstaðan á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Samningur aðila fólst í smíði varnaraðila á hurð og botnlista í hurð í fasteign sóknaraðila. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tl. 1. gr. laganna.

Í 1. mgr. 20. gr. þkpl er m.a. kveðið á um að seldri þjónustu skuli lokið á þeim tíma sem samið hefur verið um. Í 2. mgr. sama ákvæðis segir að hafi seljandi þjónustu ekki tekið fram í samningi hvenær henni skuli lokið eða það hefur ekki á annan hátt verið ákveðið telst dráttur vera til staðar ef seljandi þjónustu skilar ekki verki innan sanngjarns frest eftir að krafa um það kemur fram.

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili leitaði til varnaraðila og óskaði eftir framangreindri þjónustu hans. Varnaraðili gerði tilboð í verkið sem sóknaraðili samþykkti með greiðslu á svonefndu staðfestingargjaldi sem nam 40% af heildarfjárhæð tilboðsins þann 31. mars 2023. Varnaraðili tjáði sóknaraðila að verkið tæki um sex vikur í tölvupósti, dags. 31. mars 2023. Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili ítrekaði margsinnis ósk sína um að varnaraðili myndi hefja hið umsamda verk, síðast þann 19. júlí 2022 en þá voru liðnir tæpir fjórir mánuðir frá því aðilar sömdu um verkið. Með tölvupósti, dags. 2. ágúst 2022, krafðist sóknaraðili þess að varnaraðili myndi endurgreiða honum staðfestingargjaldið. Sóknaraðili ítrekaði kröfu sína um endurgreiðslu þann 18. nóvember 2022. Samkvæmt upplýsingum frá sóknaraðila 28. júlí 2023 hefur varnaraðili enn hvorki innt þjónustu sína af hendi né endurgreitt innborgun sóknaraðila. Má því leggja til grundvallar í málinu að dráttur í skilningi 2. mgr. 20. gr. þkpl. hafi sannarlega orðið á því að þjónustu varnaraðila við sóknaraðila yrði lokið.

Samkvæmt 21. gr. þkpl. getur neytandi rift samningi ef:

1. *drátturinn skiptir hann verulegu máli og seljanda þjónustu mátti vera það ljóst,*
2. *seljandi þjónustu leysir hana ekki af hendi innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa hefur komið fram um afhendingu.*

Líta verður á kröfu sóknaraðila fyrir kæruneftinni um endurgreiðslu innborgunar sem yfirlýsingu um riftun á samningi aðila í skilningi 21. gr. þkpl. Með vísan til þessa lagaákvæðis verður talið að sóknaraðila sé heimilt að rifta samningi aðila og krefjast endurgreiðslu á hinu greidda gjaldi á grundvelli 22. gr. laganna. Þykir ljóst af framlögðum samskiptum aðila að dráttur á þjónustu varnaraðila skipti sóknaraðila verulegu máli þar sem brýnt var að gera nauðsynlegar breytingar á

svalahurð í fasteign sóknaraðila og varnaraðila hafi verið það ljóst. Við mat á endurgreiðslukröfu sóknaraðila verður að líta til þess, með hliðsjón af framlögðum gögnum, að varnaraðili hefur í engu efnt samning aðila. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila 106.920 krónur. Fallist er á að fjárhæðin beri dráttarvexti frá 2. september 2022, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Sóknaraðili gerir kröfu um bætur vegna aukins kostnaðar við að fá annan aðila til verksins. Sóknaraðili byggir á því að á samningstíma hafi endurgreiðsla á virðisaukaskatti verið 100% en sé nú 60%.

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. þkpl. getur neytandi krafist skaðabóta fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna dráttar sem verður á að þjónustu ljúki. Sönnunarbyrði um að tjón hafi orðið vegna dráttar á afhendingu hvílir á sóknaraðila. Kærunefndin óskaði eftir gögnum frá sóknaraðila við meðferð málsins sem sýnt gætu fram á tjón sóknaraðila. Samkvæmt upplýsingum frá sóknaraðila hefur ekki verið fenginn annar aðili í verkið. Álítur kærunefndin að ekki hafi verið sýnt fram á að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni í skilningi 23. gr. þkpl. og getur hann því ekki krafist skaðabóta vegna tafa á afhendingu.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, skal greiða sóknaraðila, X, 106.920 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 2. september 2022 til greiðsludags.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson